

84

12. apríl

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð frá 26. júní 1944, um mat og eftirlit með ísvörðum fiski.

1. gr.

Opnir bátar eða bátar, sem þurfa að hafa fisk á þilfari meðan á veiðiför stendur, skulu hafa ábreiður meðferðis sumarmánuðina og breiða þær yfir fiskinn til þess að verja hann fyrir hita.

2. gr.

Þegar veiðiskapur er stundaður samtímis á ýmiss konar veiðarfæri og gæðamunur á fiski hinna ýmsu skipa verður óhjákvæmilegur af þessari ástæðu og vegna misjafnlega langrar legu veiðarfæraanna í sjó, svo og ef sérstaklega stendur á að öðru leyti, getur fiskimatsstjóri í samráði við yfirmatsmann gert sérstakar ráðstafanir um mat og eftirlit með nýjum fiski.

Fisk, sem er veiddur með veiðarfærum, er hafa legið í sjó meira en einn sólarhring, má ekki taka við í skip til útflutnings eða til vinnslu í hraðfrystihúsum, nema veiðin hafi áður verið vandlega aðgreind og allir skemmdir fiskar verið teknir úr.

3. gr.

Fiskimatsstjóri getur í samráði við yfirmatsmann lagt svo fyrir, að nýr fiskur, sem flytja á burt frá landingarstað til útflutnings eða frystingar annars staðar, skuli metinn þar, sem hann var lagður í land og vottorð frá matsmanni þaðan fylgja sendingunni til kaupandans. Þetta skal sérstaklega gert, þegar svo stendur á, er í 2. gr. segir. Þetta mat er þó ekki fullnægjandi til útflutnings eða fyrir hraðfrystihús, ef fiskurinn hefur skemmt í flutningi eða ef of langur tími er liðinn frá því matið fór fram á landingarstaðnum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 92 3. maí 1935, um meðferð, verkun og útflutning á sjávarafurðum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbrevtni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. apríl 1945.

Jakobsson.

Vigfús Einarsson.

85

17. apríl

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt á Akranesi.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Akraneskaupstaðar skal greiða fasteignaskatt samkv. lögum nr. 69 31. des. 1937, af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Akraness eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

- | | |
|--|----|
| 1. af byggðum byggingarlóðum, húseignum og öðrum mannvirkjum | 1% |
| 2. af óbyggðum byggingarlóðum | 2% |

Óbyggðar byggingarlóðir teljast þær lóðir, sem liggja að lögðum vegi og heimilt er að byggja á samkvæmt skipulagi bæjarins og byggingarsamþykkt.

85

17. apríl

3. gr.

Skattinn skal greiða af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem um fram er skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 100 kr., greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigulóðir, leigujarðir og um önnur sanningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts er samkvæmt reglugerð þessari 1. júní ár hvert, í fyrsta sinn 1. júní 1945, og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem ekki er greiddur tveimur mánuðum eftir gjalddaga skal greiða sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkvæmt lögum um útsvör.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkvæmt reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjarsjóðs Akraness, aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

Enn fremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru leigð til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti, sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til opinberra þarfa. Einnig jarðræktartilraunastöðvar þær, sem reknar eru með opinberum styrk og undir opinberu eftirliti.

Verði ágreiningur um skattskyldu fasteignar sker ráðherra úr, en heimilt er að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteigninni, sem hann er lagður á og skal, ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga, ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, sem á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvexti má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. apríl 1945.

Finnur Jónsson.

Páll Pálmason.